

Reykjavík, 12. desember 2023

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU FAGHÓPS UM STYRKI MENNINGAR- ÍPRÓTTA OG TÓMSTUNÐARÁÐS 2024

Alls bárust 187 umsóknir um styrki á sviði menningarmála úr borgarsjóð fyrir árið 2024 til meðferðar undirritaðs faghóps. 4 umsóknir voru fluttar inn af öðrum sviðum til faghóps og samtals 17 voru fluttar frá faghópi til annarra fagnefnda. Alls voru því að lokum 174 umsóknir til meðferðar þar sem sótt var um samtals kr. 317.088.668.

Ráðstöfunarfé til úthlutunar styrkja á sviði menningarmála fyrir árið 2024 hækkaði um 15.000.000 kr. frá því í fyrra og því ber að fagna, auk þess sem 8 milljónir króna sem áður voru eyrnamerkta úrbótasjóði tónleikastaða runnu einnig inn í sjóðinn. Sú heildarupphæð sem var til úthlutunar í ár var því alls 148.900.000 kr. Þar af er 50.000.000 kr. ráðstafað í borgarhátíðir Reykjavíkur 2023-2025 og 18.500.000 kr. bundnar í samstarfssamningum fyrri ára. Í heildina voru því 80.400.000 kr. til ráðstöfunar í styrki, nýja samstarfssamninga og til Listhóps Reykjavíkur. Fleiri verkefni hljóta því styrkveitingu en í fyrra og í ár var einnig auðveldara að koma til móts við umbeðnar upphæðir metnaðarfullra verkefna. Alls voru veittir styrkir til 88 verkefna sem er aukning um 16 verkefni frá því í fyrra. Úthlutun til Listhóps Reykjavíkur hækkar einnig um 500.000 kr og er því samtals 2.5 m. í ár.

Listhópur Reykjavíkur í ár verður Sviðslistahópurinn Óður og með uppsetningu á gamanóperunni Póst-Jón.

Hæstu styrkúthlutanir hljóta Caput-hópurinn og Kammersveit Reykjavíkur upp á 2.5 m.kr. UNGI - EGGIÐ 2024 - Alþjóðleg sviðslistasamtök fyrir unga áhorfendur, 2 m., Listvinafélag Reykjavíkur, 2 m. og Design Talks, 1.5 m.

Þá voru veittir sex nýir styrkir til samstarfssamninga. Alþjóðleg bókmenntahátíð í Reykjavík hlýtur 4 m. til þriggja ára. Jazzhátíð Reykjavíkur 3 m. til þriggja ára, List án Landamæra 2 m. til

tveggja ára, RVK Fringe Festival, 2 m. til tveggja ára, starf Nordic affect 2 m. til tveggja ára og starfsemi Hringleiks 2 m. til þriggja ára.

Aðrar styrkúthlutanir voru frá 200.000 kr. og upp í 1.2 m.

Nefndarmeðlimir lásu umsóknir og fylgigögn áður en þeir hittust á fundum sínum sem og tóku allar umsóknirnar til efnislegrar umfjöllunar. Matsblað menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs var nýtt við yfirferð allra umsókna, en matsblaðið byggir á mannréttindastefnu og menningarstefnu borgarinnar og þeim reglum sem borgin setur um úthlutun styrkja. Matsblaðið var notað á leiðbeinandi hátt við úthlutun og leitast var eftir því að samræmi væri í upphæðum miðað við umfang verkefna og að úthlutað væri styrkjum í fjölbreytt verkefni þvert á listgreinar sem hefðu skýra verkáætlun.

Eftirfarandi atriðum vill faghópurinn koma á framfæri sem geta vonandi nýst til einföldunar á umsóknarferlinu í framtíðinni, sem og betri nýtingu sjóðsins þvert á listgreinar:


- Óvissa virðist vera um það hvaða upphæð sé raunhæft að sækja um úr þessum tiltekna sjóð. Hægt væri að skapa umgjörð utan um minni og stærri verkefnastyrki með tillögu að upphæðum, með tilliti til þess hvernig úthlutað hefur verið síðastliðin ár. Einnig væri hægt að taka það fram að í boði sé fyrir umfangsmeiri verkefni að sækjast eftir rekstrarsamningi til tveggja eða þriggja ára. Með ofangreindu kerfi mætti koma skýrleika á umsóknarferlið og gagnsæi á úthlutunarferlið í heild sinni.
- Sjóðurinn er viðburðamiðaður og nýtist þannig best tónlistarhópum og sviðslistahópum sem eru langt komnir á veg með verkefni sín, sem og öðrum verkefnum sem sinna utanumhaldi um listir. Því mætti skoða þann möguleika að koma á sérstakri úthlutun undirbúningsstyrkja sem myndu styðja sjálfstæða listamenn til þeirrar listsköpunar sem fyrrnefnd verkefni byggja á.

SKIPTING MILLI LISTGREINA Í GRÓFUM DRÁTTUM


Margar umsóknir eru þverfaglegar og bera með sér skörun ólíkra listgreina. Í grófum dráttum er skipting á eftirfarandi máta:

	Umsóknir	Veittir styrkir	Upphæð	Árangurshlutfall
Hönnun og arkitektúr	14	11	9.300.000	44,99%
Kvikmyndir	11	3	2.400.000	9,79%
Myndlist og aðrar sjónlistir (myndlist, ljósmyndir, vídeóverk o.fl.)	25	11	7.900.000	16,94%
Ritlist, bókmenntir og útgáfa	10	3	4.900.000	24,24%
Sviðslistir (leiklist, dans, ópera o.fl.)	46	20	18.800.000	20,68%
Tónlist	56	34	31.000.000	35,03%
Þverfagleg list	12	6	6.100.000	23,80%
Annað	5	0	0	0,00%
	174	88	80.400.000	25,36%

ÚTHLUTAÐAR UPPHÆÐIR EFTIR LISTGREIN



FJÖLDI ÚTHLUTANA EFTIR LISTGREIN



Nefndina skipuðu:

Arndís Þórarinsdóttir

Ástþór Helgason

Elvar Bragi Kristjánsson

Freyja Eilíf Helgudóttir (formaður)

Víkingur Kristjánsson

Virðingarfyllt fyrir hönd faghópsins, í Reykjavík, 12. desember 2023.